

L Ö G

40

29. maí

um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaupþúnum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 24 23. apríl 1957, um breyting á lögum nr. 25 1955, um breyting á lögum nr. 23 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, hef látið fella meginmál hinna fyrstnefndu laga og laga nr. 25 1955 inn í lög nr. 23 1953, og gef þau út svo breytt, með fyrirsógninni: Lög um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaupþúnum:

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarféлага bifreiðarstjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstaðnum, hvort heldur eru fólks-, vöru- eða sendiferðabifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kaupþúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin taka gildi. Samgöngumálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um slíka takmörkun.

Strætisvagnar og sérleyfisbifreiðar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

2. gr.

Leyfi til leigubifreiðaaksturs samkvæmt lögum þessum má einungis ráðstafa eftir reglugerð, sem samgöngumálaráðherra setur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags.

Í reglugerðinni skal ákveðið, að við ráðstöfun slíkra leyfa skuli þeir, sem áður hafa stundað akstur leigubifreiða, sitja fyrir eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

FORSETA BRÉF

41

31. maí

um þinglausnir.

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 76. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, föstudaginn 31. maí 1957.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört að Bessastöðum, 31. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

A 19